



FLÓRGOÐINN

FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

3. tbl. 18. árgangur



UMFERÐARMENNING VIÐ ÁSLANDSSKÓLA EINSTEFNA ER Á BÍLASTÆÐI FYRIR FRAMAN SKÓLANN

Einhverjir vilja meina að það vanti snjó til að lýsa upp skammdegið, en eflaust eru ólíkar skoðanir á löngun í blessaðan snjóinn.

Lýsing á skólalóð hefur verið yfirfarin, lýsing komin á sparkvöllinn og búið að laga það sem laga þurfti, sem var ekki mikið. Það sem er mesta áhyggjuefnið og svo sem ekki nýtt af nálinni, er umferðarmenningin fyrir framan skólann. Þar fara ökumenn því miður ekki alltaf gætilega og hægt að gera miklu betur.

Nú þekkjum við að ekki þarf marga til svo menningin verði ekki góð, en það þarf heldur ekki marga til svo að slys kunni að verða.

Nú er veðurfarið búið að vera þannig að upplagt er fyrir börn að koma gangandi í skólann en ef börnum er ekið í skólann eykst umferð í kringum skólasvæðið.

SKÓLARÁÐ ÁSLANDSSKÓLA NAUÐSYNLEGUR SAMRÁÐSVETTANGUR

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.

Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almenntri velferð nemenda. Fræðsluráð, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð skal skipað til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, aðstoðarskólastjóra auk skólastjóra sem stýrir

Ef þeim er ekið er nauðsynlegt að gæta vel að því hvar barni er hleypt út úr bílnum því má ekki stöðva þar sem hættu getur skapast fyrir barnið eða önnur börn. Alltaf skal hleypt út þeim megin sem gangstéttin er, aldrei út á akbraut. Foreldrar skulu ekki nota stæði sem er ætlað fyrir skólabíl, stæði nær Þrastarásí.

Við skulum líka hafa í huga að á bílastæði við Áslandsskóla er einstefna. Einungis hægt að keyra inn af Kríuási og út á Þrastarás. Óheimilt er að keyra út af stæðinu Kríuássmegin.

Þannig ætti enginn að snúa við á stæðinu enda skapar það líka enn frekari hættu.

Ég vil því biðja alla að hjálpast að við að bæta umferðarmenninguna fyrir framan skólann, svo ekki fari illa.

starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Í Áslandsskóla hefur þessi fulltrúi komið úr frístunda- og félagsstarfi skólans.

Í skólaráði Áslandsskóla fyrir skólaárið 2019-2020 sitja: Leifur S. Garðarsson skólastjóri, Unnur Elfa Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri, Jónína Dögg Loftsdóttir kennari, Pétur Ingvarsson kennari, Freyja Jóhannsdóttir stuðningsfulltrúi, Guðrún Heiða Sigurgeirsdóttir foreldri, Kristín Ólöf Grétarsdóttir foreldri, Ágúst G. Kjartansson nemandi, Perla Eyfjörð nemandi og Særós R. Björnsdóttir deildarstjóri frístunda- og félagsstarfs sem er grenndarfulltrúi.



INNRA MAT & YTRA MAT

MARGSKONAR MAT Á SKÓLASTARFI

Innra mat við Áslandsskóla er með ýmsum hætti. Með innra mati í Áslandsskóla er unnið að því að endurskoða og meta skólastarfið jafnt og þétt og gera umbætur í framhaldi af því. Matið þarf að gefa upplýsingar um hverju þurfi að breyta eða bæta og hvaða jákvæðu þáttum að viðhalda til að skólinn nái þeim markmiðum sem hann hefur sett sér í stefnu skólans. Með innra matinu er leitast við að auðvelda forgangsriðun þeirra verkefna og umbóta sem fyrir liggja og efla þá styrkleika sem fram koma í mati á skólastarfinu.

Margir þættir í starfsemi skóla geta talist til mats á skólastarfi og rýnt er í þá reglubundið með skipulögðum hætti. Má þar nefna starfshætti og starfsþróun, starfsmannasamtöl, innlit í kennslustofur, stöðumatsfundir með árgöngum og faggreinum, samantekt á niðurstöðum lestrarskimanna, starfsmanna-, deilda- og kennarafundir, niðurstöður Skólapúlsins, niðurstöður samræmdra prófa, Læsi og Talnalykill, niðurstöður úr foreldra- og nemendaviðtölum, viðhorf og líðan starfsfólks, starfsmannakönnun, fundir í skólaráði, fjármál skólans og launa-áætlanir, öryggis- og vinnuverndarmál svo fátt eitt sé týnt til.

Menntamálastofnun hefur umsjón með ytra mati á grunnskólum fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í ytra mati felst að utanaðkomandi aðili leggur mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Er það meðal annars gert með því að skoða fyrirbyggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknunum úttektaðila og viðtölum við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra.

Áslandsskóli fór í gegnum úttekt Menntamálastofnunar á síðasta skólaári. Í kjölfarið var unnin umbótaáætlun og nú á þessu skólaári er í gangi framkvæmdaáætlun sem unnin var út frá umbótaáætluninni. Þar eru tilgreindir nokkrir þættir sem við þurfum að bæta fyrir ákveðinn tíma.


Rétt er að geta þess að Áslandsskóli kom ákaflega vel út úr þessari úttekt og fékk mikið hrós fyrir ýmsa þætti starfseminnar, þó vissulega séu alltaf einhver tækifæri til að gera betur.

MYNDIR Í ÞESSUM FLÓRGOÐA

Myndefni í þessu tölublaði Flórgoðans er eftir nemendur í 9. bekkjum skólans. Myndirnar unnu nemendur í myndmennt hjá Unni Sæmundsdóttur myndmenntakennara.

Þeir nemendur sem eiga myndir í blaðinu eru: Telma Ýr, Telma Líf, Svanbjörn, Katrín Ósk, Birgir Þór og Ívan Atli. Ef myndirnar eru skoðaðar vel sést að nemendur hafa ekki aðeins teiknað myndirnar og litað heldur

einnig saumað í þær á nokkrum stöðum. Frábært dæmi um skemmtilegt verkefni nemenda í Áslandsskóla.



UT FRÆÐSLA FYRIR FORELDRA

IPAD GRUNNUR OG GOOGLE CLASSROOM

Upplýsingatækni leikur stórt hlutverk í nútíma skólastarfi. Því höfum við í Áslandsskóla ákveðið að bjóða upp á fræðslu fyrir foreldra, fræðslu í því umhverfi sem nemendur eru að vinna í daglega.

Tvenns konar fræðsla var tímasett í október á tveimur mismunandi tímum dagsins. Rétt er að ítreka að efnið er það sama á fræðslu um sama efni og því nóg að mæta í annað skiptið. Áhersla verður á Spjaldtölvugrunn og Google Classroom í þessari fræðslu. Fyrstu tveir fræðsludagarnir voru 16. og 17. október en þá var einblínt á spjaldtölvugrunn. Síðari fræðsludagarnir tveir verða í lok október.

Fræðsludagar fyrir áramót verða sem hér segir:

Miðvikudagur 16. okt kl. 8:10 - LOKIÐ

Spjaldtölvu(Ipad) grunnur

Fimmtudagur 17. okt kl. 17:00 - LOKIÐ

Spjaldtölvu(Ipad) grunnur

Miðvikudagur 30. okt kl. 8:10

Google Classroom

Fimmtudagur 31. okt kl. 17:00

Google Classroom

Um fræðsluna:

Ipadgrunnur – LOKIÐ

Megin markmið fræðslunnar er að fara yfir spjaldtölvuna sjálfa, hvernig hún virkar og möguleika nemandans við að nota spjaldtölvuna við nám. Einnig verður farið yfir markmið skólans varðandi notkun spjaldtölva og yfir stafræna borgarvitund.

Google Classroom

Hvað er Google Classroom?

Google Classroom er umhverfi í skýjum sem er aðgengilegt hvar og hvenær sem er. Helsti tilgangur Google Classroom er að einfalda ferli við að deila verkefnum milli kennara og nemenda. Í öðrum orðum, það einfaldar vinnu við úgáfu, dreifingu og endurgjöf verkefna á rafrænu formi.

Meginmarkmið með Google Classroom fræðslunni er að kynna Google Classroom umhverfið fyrir foreldrum og það vinnuumhverfi sem nemendur eru að vinna í.

Fræðslan fer fram í fyrirlestrarsal skólans og eru foreldrar hvattir til að nýta sér þetta vel og mæta stundvíslega.

HEIMALESTUR ER MIKILVÆGUR

Börn sem alast upp við ríka lestrarhefð og fjölbreytta notkun á tungumálinu tileinka sér auðugan orðaforða.

Að þekja mörg og flókin orð kemur að gagni og auðveldar lestrarnám. Þau orð sem hafa ríkar merkingu í huga barnsins verða bæði auðlesin og lesin með meiri hraða óháð því hvort um þung og erfið orð

sé að ræða.

Þeir þættir sem virðast skipta sköpum við árangur í lestrarnámi barna inni á heimilum eru áhugi foreldra, sá tími sem varið er til lestrar daglega og umræður við barnið um það efni sem lesið er.

Samhliða þarf að efla áhuga barna á bókum og leyfa þeim að taka þátt í vali á lesefni.

Það eitt að veita barni óskipta athygli við lestur í 15 mínútur daglega skilar

ótvíræðum árangri. Í því sambandi er mikilvægt að hvíla snjalltæki, sjónvarp, útvarp eða annað sem getur truflað barnið við að lesa.



HAFRAGRAUTUR GÓÐUR ER AF MATARMÁLUM Í ÁSLANDSSKÓLA

Stór hópur nemenda mætir árla morguns í skólann til að fá sér hafragraut í morgunverð. Mest hafa um 100 nemendur verið að matast í einu og gera nemendur grautnum góð skil. Það myndast mjög skemmtileg stemming uppúr 7.50 hvern morgun þegar nemendur tynast í hús til að fá sér hollan og staðgóðan morgunverð.

Fjöldi nemenda er skráður í ávaxtastund í áskrift. Nemendur fá niðurskorna ávexti og grænmeti í kringum fyrstu frímínútur að morgni. Reynt er að hafa fjölbreytni í ávaxtavali þannig að sömu ávextirnir séu ekki í boði tvo daga í röð.

Svipað fyrirkomulag er á hádegisverði í Áslandsskóla og verið hefur en við erum eini grunnskólinn sem eldar mat fyrir nemendur og starfsfólk á staðnum.

Þó hefur verið bætt við hliðarrétti á grænmetisborði, t.d. pasta, auk þess sem framboð grænmetis hefur verið aukið á salatbarnum okkar.

Mikill fjöldi nemenda matast daglega í skólanum og áskriftartölur áfram yfir 90%.

NÁMSFERÐ STARFSFÓLKS SALZBURG OG MUNCHEN HEIMSÓTT

Starfsfólk Áslandsskóla hélt í náms- og endurmenntunarferð til Þýskalands og Austurríkis í byrjun október. Alls fóru 60 manns í ferðina sem er frábær þátttaka.

Starfsfólkið heimsótti tvo skóla í Salzburg í Austurríki, einn fyrir yngri nemendur og annan fyrir eldri. Sami háttur var hafður á í Munchen en þar heimsótti hópurinn einnig tvo skóla, annan fyrir yngri og hinn fyrir eldri nemendur.

Ferðin var sannarlega lærdómsrík því í öllum skólum fengum við fræðslu um skólakerfið í löndunum tveimur, námsmat, námsgreinar og uppbyggingu náms og námsframvindu. Starfsfólk fylgdist vel með kenningu í hinum ýmsu námsgreinum auk þess sem að hverri heimsókn lauk með samantekt og spjalli okkar fólks við kollega í skólunum sem heimsóttir voru.

Starfsfólk Áslandsskóla kom því heim vel upplýst og reynslunni ríkari eftir frábæra og skemmtilega ferð.

Á döfinni

OKTÓBER & NÓVEMBER 2019

9 10

11 21 26

5

6

8

16

18

OKTÓBER

Skipulagsdagur 9. okt

Skipulagsdagur 10. okt

Vetrarfrí 11. okt

Vetrarfrí 21. okt

Fyrsti vetrardagur 26. okt

NÓVEMBER

Fjölgreindaleikar 5.nóv

Fjölgreindaleikar 6.nóv

Baráttudagur gegn einelti 8.nóv

Dagur íslenskrar tungu 16.nóv

Skólabúðir 7. bekkur 18.nóv

ÁSLANDSSKÓLI

Kríuási 1

221 Hafnarfirði

S: 585 4600

Netfang: aslandsskoli@aslandsskoli.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Flórigoðans:

LEIFUR S. GARÐARSSON

Skólastjóri